

## Sjálfbærniverkefnið á Norðausturlandi

### 17. fundur stýrihóps

**Staður:** Peistareykir

**Tími:** 31.05.2023 kl. 10:00-12:00

**Mætt voru:**

Stýrihópur:

Ólafur Arnar Jónsson, Landsvirkjun

Hildur Vésteinsdóttir, Landsvirkjun

Engilráð Ósk Einarsdóttir, Landsnet

Ólafur Ármann Sigurðsson, PCC

Huld Hafliðadóttir, fulltrúi

ferðaþjónustuaðila

Hjalti Jóhannesson, RHA

Katrín Sigurjónsdóttir, Norðurþing

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir,

Þingeyjarsveit

Starfsfólk:

Helena Eydís Ingólfssdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga

### Dagskrá:

#### 1. Endurskoðun og rýni vísa Gaums – Ólafur Arnar Jónsson

Ólafur fór yfir helstu forsendur endurskoðunar og rýni vísa:

- Upphaflegur tilgangur – meta þarf hvort við séum að safna réttum gögnum
- Er þróun verkefnis eðlileg miðað við upphaflegt markmið?
- Hvernig er best að nýta upplýsingarnar?
- Er ástæða til að gera breytingar?
- Á verkefnið áfram rétt á sér?
- Er auðvelt að aðgreina áhrif fyrirtækjanna?

Hann fór einnig yfir punkta úr vinnu við endurskoðun sjálfbærniverkefnisins á Austurlandi.

Í lok kynningar fór fram umræða fundarmanna þar sem m.a. var rætt hvernig best væri að standa að kynningu á gögnunum og bæta nýtingu þeirra. Rætt var sérstaklega kynningu fyrir háskólana og fagþjálfun grunnskólakennara. Einnig var rætt um áhrif Gaums á nærsamfélagið og hvernig gögnin nýttust til ákvarðanatöku.

#### 2. Kynning á vinnu við endurskoðun og rýni Sjálfbærniverkefnisins á Austurlandi – Hjalti Jóhannesson

Hjalti kynnti stöðu endurskoðunar og rýni HA á Sjálfbærniverkefninu á Austurlandi. Arnar Jóhannesson og Sæunn Gísladóttir sjá um verkefnið sem enn er í gangi.

- Spurt var hvort verkefnið uppfyllti upphafleg markmið/tilgang.
- Einnig hvort vísarnir væru lýsandi fyrir tilgang verkefnisins og hver eðlileg þróun verkefnisins ætti að vera með hliðsjón af upphaflegu markmiði.
- Gerð var stöðugreining sem fól m.a. í sér leit að birtingum og citeringum, skoðaðar voru ársskýrslur ofl.
- Hálf stöðluð viðtöl voru tekin þar sem spurt var um viðhorf til verkefnisins og hagnýtingu.
- Að lokum er unnið heildarmat fyrir verkefnið.

### 3. Samtal um Gaum – Helena Eydís Ingólfssdóttir

Helena kynnti forsögu verkefnisins og upphafleg markmið þess, sem og markmið eigenda, samráðshóps og aðalskipulags sveitarfélaga á svæðinu.

Kallað var eftir umræðu um þrjár lykilsurningar:

#### Hafa upphafleg markmið náðst?

- Rætt var að horfa þyrfti á heildarmyndina, kostnað og notkunargildi verkefnisins
- Mikilvægt er að „segja sögur“, þ.e. að taka reglulega út valda vísa og segja frá þróun þeirra. Hvað segja þeir okkur t.d. um upphaflegar væntingar fólks um þróun mála?
- Væri hægt að safna gögnum á fimm ára fresti í stað þess að hafa verkefnið alltaf í gangi?
- Spurning hvort setja þurfi ný markmið vegna breytinga á umhverfi og samfélagi

Hádegishlé kl 12.00-12.40

#### Er Gaumur gagnlegur í nútíð og framtíð.

- Almennt var rætt um gagnsemi hans s.s. í tilviki stækkunar á Þeistareykjum
- Kynna þarf verkefnið betur fyrir háskólanemum
- Yfirfara þarf vísana, samstarfið ofl. líkt og fyrir austan
- Getur nýst til ákvarðanatöku fyrirtækja, sveitarfélaga ofl.
- Kanna þarf möguleika á að koma á mælaborði gagna

#### Er Gaumur áfram mikilvægur m.t.t stækkunar á Þeistareykjum og uppbyggingar grænna iðngarða á Bakka?

- Svarið er já en meta þarf hvort vísarnir í dag séu þeir réttu fyrir framtíðarmælingar.
- Mikilvægt að halda áfram að sækja gögn og meta stöðuna svo eftir endurskoðun.
- Á Austurlandi hafa bæst við fleiri vísar en þeim sem hefur fækkað.

Næstu skref. Hinkrum eftir niðurstöðum að austan og fundum þá um stöðuna.

Lagt til að funda í haust með stýrihópi sjálfbærniverkefnisins á Austurlandi.

Hildur kynnti starfsemi Landsvirkjunar fyrir fundargestum og sýndi þeim virkjunarhúsið að loknum fundi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14.00